

Hóplíftrygging Félags lykilmanna (FLM) greiðir rétt höfum bætur ef váttryggður fellur frá. Um váttrygginguna gilda þessir skilmálar auk almennra skilmála félagsins nr. 001.

Váttryggðir eru félagsmenn í Félagi lykilmanna, sem uppfylla það skilyrði að hafa verið að fullu vinnufærir síðastliðna 3 mánuði fyrir töku tryggingarinnar. Félagsmenn sem ganga í félagið eftir gildistöku tryggingarinnar teljast váttryggðir hafi þeir verið að fullu vinnufærir síðastliðna 3 mánuði fyrir inngöngu.

1. gr. Hvar gildir tryggingin?

Váttryggingin gildir hvar sem er í heiminum.

2. gr. Hvað bætir tryggingin?

Váttryggingin greiðir bætur til rétthafa ef váttryggður deyr á gildistíma váttryggingarinnar.

3. gr. Undanþágur

Váttrygging þessi undanskilur andlát af völdum atvika eða sjúkdómsástands sem hinum váttryggða var kunnugt um eða mátti vera kunnugt um og til voru komin áður en váttryggingin tók gildi eða váttryggði gekk inn í Félag lykilmanna. Hið sama á við um breytingu á heilsufari váttryggðs er kann að verða á tímabili þar sem þessi váttrygging er ekki í gildi. Þetta ákvæði takmarkast þó við fyrstu 48 mánuðina frá framangreindu tímamarki. Svípti váttryggður sig lífi innan eins árs frá því að váttryggingin síðast öðlaðist gildi er félagið laust úr ábyrgð.

4. gr. Hvernig eru bætur ákvarðaðar?

Bótafjárhæð samsvarar váttryggingarfjárhæðinni eins og hún er á andlátsdegi með þeim breytingum sem verða á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar til uppgjörsdags.

5. gr. Sérákvæði um váttryggingarfjárhæð

Váttryggingarfjárhæð miðast við árslauð váttryggðs á sl. almanaksári fyrir gildistöku váttryggingarinnar eða síðustu endurnýjun hennar, enda hafi váttryggður greitt félagsgjald til Félags lykilmanna allt árið. Hafi váttryggður greitt félagsgjald til Félags lykilmanna í skemmri tíma skulu árslauð váttryggðs miðuð við meðallaun hans á því tímabili sem félagsgjöld voru greidd. Váttryggður skal framvísa til félagsins þeim upplýsingum sem það óskar eftir til staðfestingar á árslauðnum vegna tjónsuppgjör.

Váttryggingarfjárhæðir eru tilgreindar í dánarbótaöflu sem er aðgengileg félagsmönnum í Félagi lykilmanna.

6. gr. Sérregla um upphaf og lok ábyrgðar félagsins

Ábyrgð félagsins gagnvart þátttakanda í hópi hefst kl. 00:00 daginn eftir að hann ritar undir skriflega inngöngubeiðni/upplýst samþykki um inngöngu í Félag lykilmanna og fer á félagskrá þess.

Váttryggingin fellur úr gildi gagnvart váttryggðum í lok þess váttryggingarárs er váttryggður nær 66 ára aldri. Váttryggingin tekur ekki til einstaklinga yngri en 18 ára miðað við afmælisdag. Hámarksaldur við inngöngu í váttrygginguna er 64 ára aldur.

7. gr. Sérregla um endurnýjun og uppsögn

Váttryggingin endurnýjast árlega hafi váttryggingartaki eða félagið ekki sagt samningi um hóplíftrygginguna upp í samræmi við ákvæði hans. Falli samningur um hóplíftrygginguna úr gildi, skal váttryggingartaki tilkynna þátttakendum í hópnum það skriflega eða með öðrum fullnægjandi hætti.

Váttryggingin fellur niður gagnvart váttryggðum 14 dögum eftir að váttryggingartaka berst úrsögn váttryggðs úr FLM. Að öðru leyti fer um lok ábyrgðar félagsins gagnvart þátttakendum í hópnum samkvæmt því sem fram kemur í samningi um váttrygginguna, sbr. XIX. kafla laga nr. 30/2004.

8. gr. Breytingar á skilmálum og iðgjaldi

Félagið hefur rétt til þess að breyta skilmálum og iðgjaldi váttryggingarinnar á váttryggingartímanum samkvæmt 133. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

9. gr. Framhaldstrygging

Váttrygging þessi veitir váttryggðum rétt til framhaldstryggingar samkvæmt 132 gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 enda berist váttryggjanda sannanleg beiðni hans um það innan þriggja mánaða frá því að váttryggingarvernd féll niður. Hafi framhaldstryggingar ekki verið óskað eða hún ekki veitt tekur váttrygging þessi þó til andláts váttryggðs í allt að 12 mánuði frá lokum váttryggingarinnar, enda verði andlátið beinlínis rakið til sjúkdóms eða atvika sem upp komu á váttryggingartímanum.

10. gr. Sérregla um iðgjald og greiðslu þess

Vátryggingartaki skal greiða iðgjald vátryggingarinnar til félagsins í samræmi við samning um vátrygginguna og gildandi iðgjaldaskrá á hverjum tíma.

Vátryggingartaki innheimtir mánaðarlegt gjald af launum vátryggðra félagsmanna til þess að standa undir iðgjaldi tryggingarinnar. Verði vanskil á greiðslu vátryggðs í 60 daga skal vátryggingartaki senda honum skriflega áskorun þar sem greiðslu er krafist innan 14 daga. Berist greiðsla ekki innan þess frests fellur ábyrgð félagsins gagnvart þeim félagsmanni niður til samræmis við 96. og 131. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Hafi vinnuveitandi vátryggðs félagsmanns sannanlega haldið iðgjaldi eftir af launum hans án þess að standa skil á þeim til vátryggingartaka heldur félagsmaður þó réttindum sínum á meðan innheimtuaðgerðir standa yfir. Hafi innheimtuaðgerðir vegna vanskila vinnuveitanda félagsmanns ekki borið árangur innan 60 daga frá því þær hófust skal vátryggingartaki sannanlega tilkynna félagsmanni um að aðild hans að vátryggingunni falli niður að 30 dögum liðnum standi launagreiðandi ekki skil á iðgjöldum til vátryggingartaka innan þess tíma.

11. gr. Endurkaup og lán

Vátrygging þessi hefur ekki endurkaupsverðmæti og veitir ekki rétt til lántöku hjá félaginu. Óheimilt er að framselja, veðsetja eða ráðstafa með öðrum hætti réttindum sem hóplíftrygging þessi veitir. Falli líftryggingin úr gildi af öðrum orsökum en andláti vátryggðs er verðmæti hennar ekkert.

Skilmálar þessir gilda frá 01. apríl 2022 og koma í stað skilmála sem giltu frá 1. júní 2012.